



## Íslandssjóðir hf. – Árshlutauppgjör 2012

Stjórn Íslandssjóða hf., sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, hefur staðfest árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012.

### Afkoma Íslandssjóða hf. fyrstu sex mánuði ársins 2012

- Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Íslandssjóða, þ.e. rekstrarfélagsins, og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður rekstrarfélagsins eftir skatta fyrstu sex mánuði ársins 2012 er 127 m.kr. samanborið við 98 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Hreinar rekstrartekjur námu 568 m.kr. samanborið við 541 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður, jukust um 5%.
- Rekstrargjöld námu 409 m.kr. samanborið við 419 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður og lækkuðu um 2,4%.
- Heildareignir félagsins 30. júní 2012 námu 3.166 m.kr. en voru 2.854 m.kr. í árslok 2011.
- Eigið fé 30. júní 2012 nam 1.794 m.kr. en var 1.741 m.kr. í árslok 2011.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 160,5% í lok júní, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8%.
- Í lok júní 2012 voru 19 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 110.100 milljónum króna samanborið við 112.890 m.kr. í lok árs 2011. Þar af eru 15 verðbréfasjóðir með hreina eign að upphæð 100.972 milljónir króna og 4 fjárfestingarsjóðir með hreina eign að upphæð 9.128 milljónir króna. Einn sjóður sem skráður er í Lúxemborg er í stýringu félagsins.
- Á árinu tóku Íslandssjóðir yfir rekstur og stýringu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Rekstrarfélags Byrs. Um var að ræða sjóðina Skuldabréfasjóðinn, Alþjóða virðissjóðinn og Alþjóða vaxtarsjóðinn, auk Fyrirtækjasjóðsins sem er í slitaferli. Við þessa yfirtöku jukust eignir í stýringu hjá Íslandssjóðum um 2.292 milljónir. Yfirtakan á rekstri sjóðanna var samþykkt af Fjármálaeftirlitinu þann 14. maí og átti yfirfærslan á eignum sjóðanna sér stað þann 31. maí.
- Í lok júní voru framkvæmdar lokaútgreiðslur úr sjóðunum 9.3 - Peningamarkaðsbréf USD og 9.1 - Peningamarkaðsbréf EUR og hefur sjóðunum þar með verið formlega slitið.
- Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af Deloitte ehf., en við könnun kom ekkert fram sem bendir til annars en að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á fyrstu 6 mánuðum ársins 2012.
- Í lok júní 2012 störfuðu 15 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdarstjóri félagsins er Agla Elísabet Hendriksdóttir.

### Lykiltölur í m.kr.

	6 mán. 2012	6 mán. 2011
Hreinar rekstrartekjur	568	541
Rekstrargjöld	409	419
Hagnaður fyrir skatta	159	123
Hagnaður eftir skatta	127	98
Eigið fé	1.794	1.593

### Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini á fyrstu sex mánuðum ársins nam 2.136 m.kr. samanborið við 2.120 m.kr. hagnað fyrstu sex mánuði ársins 2011.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða nam 100.972 m.kr. samanborið við 106.009 m.kr. í árslok 2011.



## Lykiltölur í m.kr.

	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Úrvalsvísitala - Sjóður 6	Löng ríkissk.br. - Sjóður 7	Heimssafn - Sjóður 12
Hagnaður (tap) tímabilsins	439	33	942	38
Hrein eign í lok tímabils	34.198	520	41.334	659

	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	206	175	12	4
Hrein eign í lok tímabils	11.513	7.530	467	521

	Lengri skuldabréfa- sjóðurinn	Alþjóða virðissjóðurinn	Alþjóða vaxtarsjóðurinn
Hagnaður (tap) tímabilsins	1	(5)	(3)
Hrein eign í lok tímabils	1.820	106	76

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	121	188	(5)	(9)	2.136
Hrein eign í lok tímabils	788	1.220	77	143	100.972

## Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini fyrstu sex mánuðina nam 586 m.kr. samanborið við 19 m.kr. hagnað fyrstu sex mánuðina 2011.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða nam 9.128 m.kr. samanborið við 6.881 m.kr. í árslok 2011.

## Lykiltölur í m.kr.

	Fókus - Vextir	Úrval innl. hlbr. - Sjóður 10	Skuldabréfasafn
Hagnaður (tap) tímabilsins	100	328	51
Hrein eign í lok tímabils	3.897	3.228	1.972

	Fyrirtækjasjóður	Sjóður 9.1 EUR	Sjóður 9.3 USD	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	3	(2)	105	586
Hrein eign í lok tímabils	31	0	0	9.128

Árshlutareikningur félagsins mun liggja frammi hjá félaginu í húsnæði Íslandsbanka Kirkjusandi, 4. hæð og á [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is) frá og með 4. september 2012.

Nánari upplýsingar um árshlutareikning Íslandssjóða hf. veitir Agla Elisabet Hendriksdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, í síma 440-4917.